

## REGLUGERÐ

### um bann við þorskveiðum í net tímabilið 1.—15. janúar 1982.

#### 1. gr.

Á tímabilinu frá og með 1. janúar til og með 15. janúar 1982, eru allar þorskveiðar í þorskfisknet bannaðar.

#### 2. gr.

Á þeim tíma, sem fiskiskip mega ekki stunda þorskveiðar í net samkvæmt 1. gr., má hlutur þorsks í heildarafla hvernar veiðiferðar ekki nema meiru en 20%.

Komi fiskiskip að landi með afla á tímabili því, sem þorskveiðar eru því bannaðar, samkvæmt 1. gr. og hlutur þorsks í aflanum reynist yfir 20% af heildarafla, verður það sem umfram 20% er, gert upptækt samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla. Sama gildir komi fiskiskip að landi eftir lok tímabils, hafi afli að einhverju leyti fengist á tímabilinu.

#### 3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins og laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins og laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 22. desember 1981.*

F. h. r.

**Jón. L. Arnalds.**

*Jón B. Jónasson.*

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 129 13 mars 1978, um þorskfisknet.

#### 1. gr.

Eftirfarandi grein verði 1. gr. reglugerðarinnar og breytist númeraröð annarra greina í samræmi við það:

Allar veiðar í þorskfisknet eru óheimilar án sérstaks leyfis sjávarútvegsráðuneytisins.

Ráðuneytið getur bundið leyfi samkvæmt 1. mgr. og úthlutun þeirra þeim skilyrðum er þurfa þykir m. a. í því skyni að stuðla að auknum gæðum afla og takmarka fjölda eða veiðar einstakra gerða fiskiskipa.